

mánuði til miðs októbermánaðar ár hvert, en hálfu minna, eða 1 kr. 33 aura á dag, 25 aðra tíma ársins.

Forseti gat þess, að hann eptir beiðni nokkurra merkra manna hefði ráðið Eyólf bónda Guðmundsson á Eyjarbakka í Húnavatnssýslu til að ferðast um Skagafjarðar, Eyja-fjarðar og Þingeyjarsýslur til að skoða æðarvörp og leggja ráð á, hvernig þau megi auka og bæta. Hafði amtmaðurinn veitt Eyólfi 100 króna styrk til ferðarinnar og þar að auki útvegað honum og sent skógvið fyrir 25 kr. 78 aura. Samþykkti nú amtsráðið að báðar þessar upphæðir væru greiddar af búnaðarsjóði amtsins.

Fleiri mál urðu eigi útkljáð á þessum fundi.

E.

Fundur amtráðs norður og austurumdæmisins á Akureyri 13.—17. febrúar 1877.

26

Á fundinum voru forseti ráðsins, amtmaður Chr. Christjánsson, og amtsráðsmenn-irnin Einar Ásmundsson og Jón Sigurðsson.

Mál þau, sem fyrir komu á fundinum voru þessi:

1. Voru rannsakaðir þjóðvegajóðsreikningar Skagafjarðarsýslu fyrir árið 1875, er vantað hafði þegar síðasti fundur var haldinn, og þótti eigi þurfa að gjöra við þá neina at-hugasemd.
2. Rannsakaður sýslusjóðsreikningur Þingeyjarsýslu 1875.
3. Sömuleiðis sýslusjóðsreikningur Norðurmúlasýslu sama ár.
4. Enn fremur þjóðvegajóðsreikningur Þingeyjarsýslu 1876.
5. Var yfirfarið endurrit af gjörðabók sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu frá tveimur nefndarfundum, 30. maí og 20.—22. júní 1876. Í sambandi þar við stóð ágrein-ingur nokkur, er skotið hafði verið til amtsráðsins, milli hreppsnefndanna í Vind-hælishrepp og Engihlíðarhrepp, um g a n g n a t a k m ö r k milli Skrapatungurjettar og Landsendarjettar. Áleit amtsráðið, að úrskurður sýslunefndar Húnvetninga ætti að gilda í þessu máli.
6. Yfirfarið endurrit af gjörðabók sýslunefndar Þingeyinga 9. júní 1876.
7. Sömuleiðis endurrit af gjörðabók sýslunefndar Eyfirðinga af fundi hennar 30. og 31. janúar þ. á., og voru við það gjörðar ymsar athugasemdir.
8. Einnig endurrit af gjörðabók sýslunefndar Þingeyinga frá nefndarfundum 30. jan.—2. febr. þ. á. og við það gjörðar athugasemdir. Í sambandi þar við stóð málefnið um b r ú a r g j ö r ð á S k j á l f a n d a f l j ó t. Hafði sýslunefndin áður farið fram á, að fá styrk til þessa fyrirtækis af þjóðvegagjaldi annara sýslna í umdæminu og sam-þykki amtsráðsins til að taka í sama tilgangi 4000 króna lán. Gat amtsráðið eigi að svo komnu samþykkt þetta, af þeirri ástæðu, að eigi hefir enn verið gjörð nema mjög lausleg og ónóg skoðun á brúarstæðinu og engin regluleg áætlun um kostnað-inn, er þurfa mundi til brúargjörðarinnar.
9. Samþykkti amtsráðið sáttargjörð nokkra milli hreppsnefndarinnar í Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu og tveggja bænda í skuldamáli.
10. Var kærumáli frá oddvita hreppsnefndarinnar í Bólstaðahlíðarhrepp, um skyldu bænda í Engihlíðarhrepp til f j a l l s k i l a á Eyvindarstaðaheiði, vísað til sýslunefndar Hún-vetninga.
11. Voru endurskoðaðir reikningar jafnaðarsjóðs norður og austurumdæmisins fyrir árin 1875 og 1876, og þar eptir samin svo látandi

Áætlun

um gjöld og tekjur jafnaðarsjóðsins í norður og austurumdæminu árið 1877.

Gjöld: kr. aur.

1. Til sakamála og lögreglumála	300	»
2. — gjafsóknarmála	300	»
3. — sáttamála	50	»
4. — bólusetninga og annara heilbrigðismála	150	»
5. — kennslu heyrnar- og mállausra	600	»
6. — ferðakostnaðar embættismanna	200	»
7. — kostnaðar við amtsráðið	150	»
8. — varðkostnaðar móti fjárkláðanum	1500	»
9. — afborgunar á skuld sjóðsins fyrir fangahúsabyggingar	3314	46
10. — ýmsra útgjalda	716	85
	<u>7281</u>	<u>31</u>

Tekjur:

1. Í sjóði frá fyrra ári	1213	75
2. Niðurjöfnun á lausafjórðungi í amtinu, tals 30338,20 aurar á hvert	6067	60
	<u>7281</u>	<u>35</u>

12. Þvínæst voru athugaðir reikningar og skoðuð skuldabréf þeirra stofnana og sjóða, er undir amtsráðið heyra, en það eru:

a, Búnaðarsjóður norður og austurumdæmisins.

b, Jökulárbrúarsjóðurinn.

c, Gjafasjóður Guttorms prófests Þorsteinssonar til fátækra ekkna í Vopnafirði.

d, Gjafasjóður Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar til fátækra í Vallanessókn.

e, Legat Jóns Sigurðssonar

f, Gjóf Jóns Sigurðssonar til Vallnahrepps.

g, Styrktarsjóður handa fátökum ekkjum og munaðarlausum börnum í Eyjafirði og

h, Búnaðarskólagjald í norður og austurumdæminu.

Reikningar allra þessara sjóða fyrir árið 1875 voru yfirfarnir og ekkert fundið við þá athugavert.

13. Forseti framlagði yfirlit eða ágríp af reikningum þjóðvegassjóðanna í öllum sýslum amtsins árið 1875, og var það skoðað og samþykkt.

14. Samdi amtsráðið yfirlit yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður og austurumdæminu árið 1875.

15. Voru nokkrar ráðstafanir gjörðar um amtsbókasafnið á Akureyri, sem er undir umsjón amtsráðsins.

16. Samþykkti amtsráðið að veita hjeraðslækni Þorgrími Johnsen á Akureyri 50 krónur af jafnaðarsjóðnum fyrir að kenna einni stúlku yfirsetukvennafræðni, áður en yfirsetukvennalög af 17. desember 1875 gengu í gildi.

17. Að síðustu var samkvæmt 46. gr. sveitarstjórnarlaganna varpað hlutum um, hvor hinna tveggja kosnu amtsráðsmanna skyldi ganga úr amtsráðinu, þegar 3 ár eru liðin frá síðustu kosningum, og hlaut Jón Sigurðsson úr að ganga. Af hinum kosnu varafulltrúum var annar dáinn, svo eigi þurfti hlutkestis við þeirra í milli.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Akureyri, 28. dag febrúarm. 1877.

Christiansson.